



Verkefnntaskóli Austurlands

Sjálfsmat vorönn 2010

Áfangaskýrsla

Efnisyfirlit

Formáli	3
Sjálfsmatsáætlun VA 2010-2012	3
Vorönn 2010.....	4
Skipulag sjálfsmats næstu 3 árin eða til ársloka 2012.....	4
Endurskoðun áfangamats (nemendur) og annarmats (kennarar).....	4
Útbúa gátlista fyrir kennara varðandi skipulag annar	4
Nýting prófatíma nemenda.....	5
Söfnun tölulegra upplýsinga um nemendur	5
Niðurstöður áfangamats	5
Niðurstöður annarmats	5
Kreppan	6
Fjarnemar	6
Kennsluaðferðir.....	6
Samanburður á áfangamati og annarmati.....	7
Opnir dagar.....	7
Tillögur vorannar 2010.....	7
Viðaukar	9
Viðauki 1 - Sjálfsmatsáætlun VA 2010-2012	9
Viðauki 2 - Spurningar áfanga- og annarmats ásamt svörum	11
Áfangamat	11
Annarmat.....	21
Viðauki 3 - Tékklisti annar.....	31
Viðauki 4 - Skoðanakönnun vegna opinna daga í VA.	32
Viðauki 5 - Kennsluaðferðir.....	37

Formáli

Á vorönn 2010 hófst nýtt tímabil sjálfsmats í VA og er þetta þriðja matstímabilið. Fyrsta tímabilið var 2003-2006 og annað tímabilið var 2006-2009.

Sjálfsmatsnefndina skipa áfram Gunnar S. Ólafsson, Pjetur St. Arason, Sigurborg Hákonardóttir og Svanlaug Aðalsteinsdóttir. Fundað var á tveggja vikna fresti á mánudögum frá 9:15 til 10:15. Einnig unnu nefndarmenn að ýmsum verkefnum á milli funda. Loks var samantekt á starfi sjálfsmatsnefndarinnar kynnt á starfsmannafundi þann 26. maí.

Sjálfsmatsáætlun VA 2010-2012

Sjálfsmatsnefndin lagði fram tillögu að sjálfsmatsáætlun VA fyrir tímabilið 2010-2012 á kennarafundi þann 15. janúar. Kennarar voru beðnir að fara yfir áætlunina og hugleiða hvort eitthvað þyrft að laga, bæta við eða taka út. Síðan var boðað til fundar um áætlunina þann 4. mars þar sem hún var lögð fram til samþykktar.

Á fundinum var rætt um sjálfsmat í VA og var m.a. gagnrýnt að þetta starf væri fyrst og fremst greinandi en ekki úrbætur. Því er til að svara að samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla á hver framhaldsskóli að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Markmiðið með sjálfsmati er samkvæmt lögum að;

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Nefndin hefur alltaf litið á það sem sitt hlutverk að skila tillögum til úrbóta til stjórnenda skólans og að það sé þeirra hlutverk að hrinda þeim í framkvæmd eftir efnunum og aðstæðum hverju sinni. Undanfarin ár hafa margar af þeim tillögum sem nefndin hefur lagt fram verið hrint í framkvæmd og og nægir að nefna samræmingu á kennsluáætlunum og tilhögun opinna daga.

Á fundinum kom einnig fram ábending um það að félagsfræðinemar tækju að sér að framkvæma viðhorfskönnun í nærsamfélagi skólans, samfélagskönnun, og var því bætt inn í áætlunina fyrir haustönn 2010.

Sömuleiðis var bent á nauðsyn þess að fá námskeið heim í skólann. Voru tölvunámskeið og skyndihjálparnámskeið nefnd í því sambandi. Af þessu tilefni er vert að benda á að kerfisstjóri skólans hefur haldið stutt, oft einstaklingsmiðuð, tölvunámskeið eftir þörfum og skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn skólans var haldið 25. og 26. maí.

Sjálfsmatsáætlunin var samþykkt (Viðauki 1).

Vorönn 2010

Samkvæmt Sjálfsmatsáætlun VA átti að vinna að eftirfarandi á vorönn 2010:

- Skipuleggja sjálfsmat næstu 3 ára eða til ársloka 2012.
- Endurskoða áfangamat (nemendur) og annarmat (kennarar).
- Útbúa gátlista fyrir kennara varðandi skipulag annar.
- Nýting prófatíma nemenda.
- Undirbúin söfnun tölulegra upplýsinga um nemendur.

Til viðbótar við sjálfsmatsáætlun var framkvæmt hefðbundið áfangamat (nemendur) og annarmat (kennarar) í 10 áföngum. Niðurstöður áfangamats voru sendar viðkomandi kennurum og skólameistara ásamt niðurstöðum annarmats. Heildarniðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi þann 26. maí.

Auk þessa var gerð könnun meðal nemenda um hvernig þeim þótti til takast með opnu dagana sem á þessari önn voru haldnir 24. -26. febrúar.

Rætt um að gera könnun meðal foreldra og forráðamanna nemenda um samskipti þeirra við skólann og viðhorf. Samþykkt að reyna að gera þessa könnun á haustönn 2010.

Skipulag sjálfsmats næstu 3 árin eða til ársloka 2012

Skipulagið fólst í gerð sjálfsmatsáætlunarinnar og liggur hún fyrir (viðauki 1). Eins og sjá má á þessari áætlun þá er hún býsna metnaðarfull, en í ljósi niðurskurðar og reynslu undanfarinna ára, er ekki öruggt að hægt verði að gera allt sem þar er upp talið.

Endurskoðun áfangamats (nemendur) og annarmats (kennarar)

Spurningar áfangamats og annarmats eru endurskoðaðar á hverri önn. Stundum er bætt við aukaspurningum í áfangamatið ef það er eitthvað sérstakt sem nauðsynlegt er talið að fá fram. Engum spurningum var bætt við áfangamatið að þessu sinni en í annarmatinu voru kennarar spurðir sérstaklega um kennsluaðferðir og hvort kennarar yrðu varir við áhrif kreppunnar á nemendur eða samstarfsfólk. Spurningarnar og svörin má sjá í viðauka 2.

Eins og fram hefur komið, þá er notast við SurveyMonkey í áfangamatinu og annarmatinu. Þetta er hugbúnaður sem VA er áskrifandi af og auðveldar alla vinnu við gerð skoðanakannana. Þetta hefur opnað möguleika á frekari könnunum og hefur kennurum verið bent á þennan möguleika og boðin aðstoð við að nota þetta ef þeir þurfa að gera skoðanakannanir.

Útbúa gátlista fyrir kennara varðandi skipulag annar

Þessi gátlisti hefur verið til í nokkur ár og hangir á töflu framan við vinnuherbergi kennara. Smávægilegar breytingar voru gerðar á listanum í ljósi breytinga á fyrirkomulagi, m.a. prófaskila (Viðauki 3).

Nýting prófatíma nemenda

Í vorprófunum var prófatími nemenda mældur í öllum prófum að beiðni áfangastjóra og hefur hann umsjón með úrvinnslu þessara gagna. Er þetta gert með þeim hætti að skráð er hvenær sérhver nemandi skila prófi. Kynnti hann niðurstöðurnar á starfsmannafundi þann 26. maí. Þar kom m.a. fram að nýting prófatíma er mjög misjöfn en var 70 mínútur að meðaltali í mörgum áföngum. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá áfangastjóra.

Söfnun tölulegra upplýsinga um nemendur

Þetta er einnig í höndum áfangastjóra sem kynnir þessar niðurstöður á lokafundi. Niðurstöðurnar fara síðan inn í skýrslu skólans um skólaárið.

Niðurstöður áfangamats

Á vorönn 2010 voru 10 áfangar metnir. Af þeim voru 2 fagbóklegir og einn bóklegur/verklegur (viðauki 2).

Svör fengust frá 121 nemanda, 51% kk og 49% kvk. Meðalaldur nemenda var 20,25 ár og er þá miðað við aldur þeirra á þessu ári. Yngsti nemandinn er 17 ára og elsti 54 ára.

Svörun í áföngum var að meðaltali 65%, lægst 37,5% og hæst 88%. Þetta er ágæt svörun að meðaltali en þó þarf að bæta hana til muna og er það sérstaklega brýnt í fámennum áföngum.

Fjarnemar voru í 8 af þessum 10 áföngum, samtals 14 nemar. Í annarmati voru kennarar spurðir nokkurra spurningar um fjarnema (sjá síðar).

Í áfangamati er nemendum gefinn kostur á að koma með athugasemdir við áfangann og komu athugasemdir frá 16 nemendum. Athugasemdirnar voru t.d.:

- 8 lýstu ánægju sinni með kennara áfangans
- 3 kvörtuðu undan lélegu námsefni
- 1 kvartaði undan hávaða í tímum

Eins og venjulega voru niðurstöður áfangamats sendar til viðkomandi kennara og skólameistara (viðauki 2).

Niðurstöður annarmats

Þeir 10 kennarar sem áfangar voru metnir hjá svöruðu einnig annarmati (viðauki 2). Svörunin var 100%. Niðurstöður annarmatsins voru sendar skólameistara ásamt niðurstöðun áfangamats í viðkomandi áfanga.

Meðal þess sem kom fram í annarmatinu má nefna:

- Tveir kennara settu ekki kennsluáætlun inn á kennsluvef þrátt fyrir að samþykkt hafi verið að allar kennsluáætlanir eigi að vera þar.
- Öllum kennurum nema einum gekk vel að fylgja kennsluáætlun.
- Öllum kennurum fannst yfirferð námsefnis hæfileg og jöfn.

Kreppan

Kennarar voru spurðir hvort þeir hafi orðið varir við áhrif kreppunnar á nemendur eða samstarfsfólk. Sex svörðuðu játandi og 4 neitandi. Þeir sem svörðuðu játandi sögðu þetta:

- Ég held að hin meinta kreppa dragi okkur svolítið niður - og þá er skortur á samstilltu átaki við að koma sér útúr henni. Við eigum möguleika á því að reyna að gleyma henni með því að hugsa um eitthvað annað, en svo kemur skrímslið úr skúmaskoti sínu og minnir á sig.Ég held að við séum ekki nógu dugleg að tala um þetta skrímsli og gera það hættulaust með því að tala það í hel. Kannski af ótta við að fyrir okkur fari eins og fór fyrir regluvörðum bankanna, við verðum álitin gleðisþillar.
- Einhverjir nemendur áttu ekki fyrir bókum í upphafi annar.
- Svo skrítið sem er þá líður nemendum betur
- Meðal starfsfólks, sem finnur að sparnaður og niðurskurður er enn meiri framundan og margar spurningar varðandi næsta vetur. Mjög deprimerandi hve draga þarf úr öllu.
- Rætt um þessi mál meðal starfsfólks, þreyta? Lítil áhrif á nemendur.
- Bæði nemendum og kennurum fannst yfirferð námsefnis hæfileg og jöfn.

Fjarnemar

Í annarmati voru þeir kennarar sem höfðu fjarnema í áföngunum beðnir að svara tveimur aukaspurningum um þá, annars vegar hvernig þeir skiluðu sér í próf og hins vegar hvort það væri eitthvað annað sem þeir vildu koma á framfæri varðandi fjarnemana. Við spurningunni hvort þeir skili sér í próf fengust m.a. þessi svör:

- Illa
- Var með einn fjarnema, hann kemur í próf
- Ekki nógu vel
- Vel
- Það er ekki próf, þeim gekk mjög vel að skila verkefnum
- Af þeim þremur sem eru reikna ég með einum í próf
- Einn fjarnemi er í áfanganum og hann hefur mætt í próf

Annað sem kennarar vildu koma á framfæri varðandi fjarnemana var m.a.:

- Þeir gefa ekki færi á sér til sambands við kennara og til samninga um verkefnaskil og leiðréttingu á verkefnum
- Mjög tímafrekt að annast þetta svo gott sé

Í umræðum um fjarnema á starfsmannafundi þar sem farið var yfir þessar niðurstöður benti námsráðgjafi m.a. á að gott væri að samræma kröfur sem gerðar eru til fjarnema varðandi verkefnaskil, próftöku og mætingar.

Kennsluaðferðir

Í annarmatinu voru kennarar beðnir að segja hvaða kennsluaðferðir þeir nota að jafnaði í kennslu sinni og var miðað við lýsingar á kennsluaðferðum frá Ingvari Sigurgeirssyni (sjá t.d. <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/litrofsflokkun.htm>). Í ljós kom að í VA eru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir og margir kennarar nota margar mismunandi aðferðir í sama áfanga. Þetta staðfestir það sem var í raun vitað og í umræðum á starfsmannafundi þar sem niðurstöðurnar voru kynntar var tekið undir það (viðauki 2). Lýsingar á kennsluaðferðunum eru í viðauka 5.

Samanburður á áfangamati og annarmati

Eins og sjá má í viðauka 2 er reynt að hafa spurningar áfangamats og annarmats svipaðar þannig að hægt sé að bera saman sýn nemenda og kennarans á áfanganum. Ýmislegt athyglisvert kom fram sem vert er að benda á.

- Sem dæmi má nefna spurningarna *Kennaranum tekst að virkja mig til starfa og Nemendur eru virkir í tímum*. Yfir 70% nemenda eru sammála eða frekar sammála því að svo sé, en kennarar eru ekki eins sammála þessu.
- Eins er vert að benda á spurningarnar *Kennarinn heldur athygli minni vel og Nemendur halda athyglinni vel í tímum*. Um 70% nemenda er sammála um að svo sé en kennarar upplifa þetta öðruvísi, 40% þeirra telja nemendur halda athyglinni.
- 83% nemenda telja nærveru kennarans góða og allir kennarar eru sammála því að andinn í hópnum sé góður.

Í áfangamati og annarmati á vorönn 2010 kom fram óánægja með námsefni í einstaka áfanga. Þetta þarf að taka upp á kennarafundi og ræða hvort ástæða sé til að fara í gagngera endurskoðun á námsefni. Sjálfsmatsnefndin hefur áður gert tillögu um endurskoðun námsefnis og hefur í fórum sínum lyki til að meta námsefni sem kennarar geta haft til hliðsjónar við val á námsefni. Einnig hefur það verið rætt að í samhliða innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga þurfi kennarar að endurmeta allt námsefni.

Opnir dagar

Eftir opnu daganna var gerð skoðanakönnun meðal nemenda um hvernig þeim fannst dagarnir takast. Könnunin var send 237 nemendum í tölvupósti í gegnum Innu. Aðeins 49 nemendur svöruðu sem eru 21% og er það allt of lítil svörun. Nauðsynlegt er að vinna markvisst að því að auka svörun í öllum könnunum af þessu tagi.

Fram kom að nemendur eru almennt ánægðir með tilhögun opnu daganna og fundu flestir hóp við sitt hæfi. Nokkrir bentu þó á að fjölga mætti dögum. Niðurstöðurnar voru kynntar á kennarafundi og síðan sendar skólameistara og eru teknar saman í viðauka 3.

Tillögur vorannar 2010

Enda þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir því að setja fram tillögur til úrbóta á vorönninni þá verður ekki hjá því komist að minnast á nokkur atriði. Það er ávallt þannig að þegar verið er að ræða um sjálfsmat og um starfsemi skólans þá koma fram ýmsar hugmyndir um hvað má færa til betri vegar og eins hvað þarf að athuga betur. Hér á eftir eru nokkur þeirra atriða sem fram komu og nauðsynlegt er að halda til haga:

Endurskoða samningseyðublað fyrir fjarnema. Það þarf að gera ráð fyrir samþykki foreldra/forráðamanna þeirra nemenda sem eru yngri en 18 ára.

Foreldrakönnun í haust eða eins fljót og unnt er. Um er að ræða spurningalista sem er tilbúinn og þar sem m.a. er spurt um samskipti foreldra/forráðamanna við skólann, hvaða væntingar þeir gera til skólans o.fl. sem máli skiptir.

Fjarnemar. Gott væri að kanna sérstaklega meðal fjarnema hvernig þeim líkar fyrirkomulagið og fá þeirra sýn á þeirri þjónustu sem skólinn veitir þeim. Eins kom fram á starfsmannafundi að gott væri að kennarar samræmdu kröfur til fjarnema þannig og upplýsingar um þær væru aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans og í kennsluáætlunum. Þá þarf að brýna fyrir þessum nemendum að hafa samband við kennara í upphafi annar og það er raunar spurning hvort nemandi geti orðið fjarnemi ef hann getur ekki komið og hitt kennarann í upphafi annar.

Áfangamat - auka svörun. Nauðsynlegt að auka svörun í áfangamati og öðrum könnunum sem gerðar eru. Það er mikilvægt fyrir skólann að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar þegar eftir þeim er leitað.

Brýna fyrir nemendum að setja virk netföng inn á kennsluvef og í Innu. Þetta er nauðsynlegt þar sem tölvupóstur er oft notaður til að koma upplýsingum til nemenda og skólaárið 2010-2011 fá nemendur ekki úthlutað skólanetföngum.

Í upphafi annar þarf að minna kennara á gátlista annarinnar sem hangir framan við kaffistofuna. Þennan lista þarf að endurskoða reglulega, því stundum bætist eitthvað nýtt við sem gott er að minna á, sérstaklega í upphafi haustannar.

Endurmeta námsefni. Skipuleggja endurmat á námsefni í tengslum við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga.

Skilgreina heimanám í hverri grein og setja á kennsluvef. Nokkrir foreldrar höfðu samband við skólameistara að loknum vorprófum og ræddu meðal annars heimanám nemenda. Fannst sumum að það væri ekki í nógu föstum skorðum. Þetta þarf að ræða á kennarafundi og finna hvernig þetta verður best gert og samræma aðgerðir.

Viðaukar

Viðauki 1 - Sjálfsmatsáætlun VA 20010-2012

Samþykkt á kennarafundi þann 4. mars 2010.

Þetta er sjálf áætlunin um það sem stendur til að gera. Framkvæmd mats verður síðan útfært í upphafi hverrar annar.

Vorönn 2010

- Skipuleggja sjálfsmat næstu 3 ára eða til ársloka 2012
- Endurskoða áfangamat (nemendur) og annarmat (kennarar)
- Útbúa gátlista fyrir kennara varðandi skipulag annar
- Nýting próftíma nemenda
- Undirbúin söfnun tölulegra upplýsinga um nemendur

Haustönn 2010 - Nemendur

- Tölulegar upplýsingar um nemendur og túlkun á þeim
- Sérstakur stuðningur við nemendur
- Nemendakönnun: Viðhorf til skólans, líðan í skóla, samskipti við starfsfólk o.fl.
- Félagslíf nemenda: Hvernig getur skólinn hjálpað nemendum að efla félagsþroska sinn, stuðningur frá skólanum við félagslíf nemenda, o.fl.
- Samfélagskönnun um stöðu VA í samfélaginu, framkvæmd af nemendum í félagsfræði.
- Foreldrakönnun.

Vorönn 2011 - Starfsfólk og starfsmannastjórnun, aðbúnaður

- Stefna skólans varðandi m.a. ráðningar, endurmenntun, þjálfun starfsfólks, nýting kennslukrafta, o.fl.
- Fjárveitingar, hvernig nýtast þær og í hvað?
- Aðbúnaður starfsfólks og þjónusta sem boðið er uppá, vandamál sem upp koma, hvernig er tekið á þeim, o.fl.
- Umgengni í skólanum og á skólalóð

Haustönn 2011 - Samantekt og mat á árangri

- Helstu niðurstöður og samantekt á styrkleikum og veikleikum
- Hvaða úrbætur og árangur hafa náðst
- Tillögur um úrbætur

Vorönn 2012 - Nám og kennsla



- Aðbúnaður í skólanum; verkkennsla, bóklegir kennsla, bókasafni, félagsaðstöðu nemenda, o.fl.
- Markmið náms; tengls markmiða og námsefnis, skiplag og ábyrgð á kennslu nemenda, gæði námsefnis, kennsluaðferðir o.fl. (þetta má flétta inn í áfanga- og annarmat)



Haust 2012 – Samantekt og mat á skólastarfi

- Helstu niðurstöður og samantekt á styrkleikum og veikleikum
- Gerð grein fyrir úrbótum og árangri
- Tillögur um úrbætur
- Athugasemdir skóla við sjálfsmat
- Lokafrágangur sjálfsmatsskýrslu


Viðauki 2 - Spurningar áfanga- og annarmats ásamt svörum

Áfangamat







Kennarinn er vel skipulagður og kemur námsefninu vel til skila




Kennarinn heldur athygli minni vel




Kennaranum tekst að virkja mig til starfa




Kennarinn bregst vel við spurningum




Kennarinn hvetur mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum




Nærvera kennarans er góð




Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda




Kennarinn mismunar ekki nemendum




Samskipti mín við kennarann eru góð




Námsefni áfangans er áhugavekjandi





Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn




Verkefni áfangans eru áhugaverð









Ég er ánægð(ur) í áfanganum




Annarmat







Nemendur virðast vel undirbúnir í tímum




Nemendur eru skipulagðir í heimavinnu sinni




Nemendur halda athyglinni vel í tímum




Nemendur eru virkir í tímum




Nemendur eru sjálfstæðir í vinnubrögðum




Andinn í hópnum er góður




Ég fylgist vel með námsframvindu nemenda




Námsefnið sem notað er í áfanganum hæfir honum vel





Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn




Hverjar af eftirtöldum kennsluaðferðum notar þú að jafnaði í áfanganum?






Á heildina litið, ertu ánægð(ur) með hvernig til tókst með áfangann?



Verður þú var/vör við áhrif kreppunnar á nemendur eða samstarfsfólk þitt?



Viðauki 3 - Tékklísti annar



Munum eftir

Í byrjun annar

- ✓ Kennsluáætlanir tilbúnar og skilað á sameign.
- ✓ Kennsluáætlanir inn á Kennsluvef.
- ✓ Ákvarða viðtalstíma - skila til ritara.
- ✓ Fylla út yfirlit yfir störf kennara.
- ✓ Eru nemendur með sérþarfi í áfanganum - hverjar eru sérþarfirnar?
- ✓ Hverjir eru umsjónarkennarar nemendanna, prenta út lista.
- ✓ Minna nemendur á að setja virk netföng í INNU
- ✓ Rifja upp:
 - Stefnur skólans í ýmsum málaflokkum.
 - Tilvísunar- og umsjónarkennaraferli.
 - Að vinna gegn brottfalli - áhættuviðmið.
 - Skólasóknarreglur.

Á meðan á önn stendur


- ✓ Safna saman í möppu/eða rafrænt öllum verkefnum sem lögð eru fyrir í áfanganum.
- ✓ Fara yfir mætingar í áföngum samkvæmt tímatöflu.

Annarlok


- ✓ Útbúa bókalista fyrir næstu önn og skila til ritara.
- ✓ Skila einu eintaki af hverju prófi á sameign.
- ✓ Skila prófurlausnum til geymslu.
- ✓ Ef við á, fara yfir áfangamat með skólameistara.

Viðauki 4 - Skoðanakönnun vegna opinna daga í VA.


Hvernig fannst þér opnu dagarnir takast almennt?




Hefðir þú viljað hafa dagana:



Hefðir þú viljað hafa hópana;




Fannst þú hóp sem hentaði þér?




Ef nei, afhverju ekki?

- Hefði mátt vera listmálun, og e-ð með Jóa Zoega
- Tók ekki þátt



Ef nei, afhverju ekki?

- Komst ekki í suma
- Því þeir voru á sama tíma
- Vegna þess að mig langað bæði að vera í hóp sem átti að vera allan daginn og hóp sem var kenndur tvo daga í röð (Lófalestur)
- Vegna þess að hópurinn sem ég fór í, var skráður fyrir alla dagana.
- ég var bara sett í tvo hópa
- Því stundum var fullt og stundum var það á sama tíma og annað sem mig langaði að gera þeir voru of margir.
- ég var í fríi 2 daga af þremur
- það var bara ekki meira pláss á dagskránni minni :)
- Það voru fáir sem skráðu sig
- Ég gat ekki tekið þátt á fimmtud. í Hljóðvinnslu/Upptöku hjá Viðari, vegna fjarveru minnar(Ég þurfti að sinna erindum á Egilsstöðum)
- Þeir hafa eflaust fallið niður
- ég gat það ekki



Ef svarið er já, hvaða hópa?

- meiri fjölbreytni Kannski eitthvað svipað og LAN hópana sem voru alla daga, ég er ekkert inni í LAN-i og hefði alveg verið til í að hafa til dæmis heimanáms hóp alla daga (maður getur þó allavegna notað það til þess að fylla uppí ef það er ekkert þarna sem manni finnst spennandi) - Þó maður hafi reyndar mátt læra hvað sem er í stærðfræðihópnum hópnum hjá Gunnari. Líka að hafa hópana oftast en einu sinni svo maður ná frekar nánast öllu sem manni langar að taka en ekki bara eitt eða tvö atriði af því og "þurfa" svo að fara í aðra hópa sem maður hafði í rauninni engann sérstakan áhuga á. - Mér fannst spilahópurinn hljóma bara frekar skemmtilega þangað til að ég mætti - það spiluð bara allir saman sem þekktu hvorn anna - Norðfirðingar í einu horni, Eskfirðingar í örðu og svo framvegis - Ég held að það hefði verið miklu skemmtilegra að draga bara í nokkra hópa og láta þá spila saman. Ef mig langaði að spila við vinkonur mínar hefði alveg eins getað gert það frammi í setustofu á hvaða degi sem er, ég þurfti ekki 'opna daga' til þess. Mér persónulega finnst að á svona þema dögum ætti maður að fá tækifæri til þess að kynnast fleirum heldur en bara þeim sem maður er vanur að hanga með.
- bíómyndahóp búa til bíómynd
- Já hafa takmarka fjölda, hafa t.d. skíði, reiðnámskeið, hafa fleiri íþróttir, dans,
- Sjóveiði
- bílsskúrs hópa
- hefði mátt vera listmálun, og e-ð með Jóa Zoega
- stuttmyndahóp(gera nokkra stutta leikþætti)
- Kvikmyndahóp, fleiri íþróttahópa.
- jeppaferð :D
- Eitthvað sem höfðar frekar til iðnnáms

Nefndu einhvern einn hóp sem þú vilt sjá á næstu opnu dögum.

- matreiðslu hóp
- LAN
- Handbolta... alla dagana
- einhverskonar listahóp sem einkennist ekki af handa vinnu heldur teikningu eða slíku - Þó að iðnteikning sé kennd við skólan eru ekkert allir í henni þó þeir hafi áhuga á því að teikna. LAN
- bíómyndahóp búa til bíomynd
- spilahópurinn
- Klifurhóp
- Conter-strike lan
- eitthvern föndur hóp
- ráðgátu - hryllings hópur
- hafa t.d. skíði, reiðnámskeið, hafa fleiri íþróttir, dans, gönguferðir þar sem jarðfræðilegir atburði hafa gerst til dæmis.
- Sjóveiði
- Kajak
- Dettur engin sérstakur i hug.
- tækja hóp,, jeppaferð, sleða, ískross eða eitthvað.
- Fara í oddskarð á bretti og skíði.
- Saga málma með Jóa Zoega
- Klifur
- Förðun ...
- blak/fótbolti
- snjósleðahóp
- Hjóðvinnsla/Upptaka
- Bílaviðgerðir
- dans, list
- Fleiri íþróttahópa.
- Jeppaferð
- Klifur
- Sjóstangveiði
- bara alla þá sem voru

Viðauki 5 - Kennsluaðferðir

Spurning 4. Hverja af eftirtöldum kennsluaðferðum notar þú að jafnaði í áfanganum?

Útlistunarkennsla - Kennarinn fræðir með fyrirlestrum, sýnikennslu, skoðunarferðum, ræðir mál og dregur ályktanir. Krafa að kennarinn hafi mikla þekkingu og geti vakið áhuga nemandans sem þarf að hlusta og meðtaka.

Pulunám og þjálfunaræfingar - Kennslubókarkennsla þ.e fara yfir tiltekið námsefni og leysa þau verkefni sem því fylgja.

Verklegar æfingar - Kennarinn þarf að geta skapað þægilegt vinnuandrámsloft og hafa skipulags- og verkstjórnarhæfileika. Nemandi fylgist vel með og æfir það sem er verið að þjálf.

Umræðu og spurnaraðferðir - Reynir á umræðu og spurnaraðferðir kennarans og hæfni hans til að nemdur geti tjáð sig óþvingað. Nemandi þarf að taka virkan þátt í umræðum og draga ályktanir.

Innlifunaraðferðir og tjáning - Kennarinn þarf að vekja áhuga nemandans og leiða hann í gegnum viðfangsefni, því reynir á hugmyndaflug og hæfni til að bregðast við og meta framlag nemandans.

Þrautalausnir - Kennari þarf að finna krefjandi úrlausnarefni sem vekja nemandann til umhugsunar.

Leitaraðferðir - Kennarinn kennir fræðileg vinnubrögð, (kannanir í félagsvís-indum, vettvangsathuganir, náttúrskoðun, ýmis heimildavinna) reynir á skipulagshæfileika.

Hópvinubrögð - Samvinna við úrlausn verkefna reynir á verkstjórarhæfileika.

Sjálfstæð skapandi viðfangsefni - Kennarinn vekji áhuga, virki og sé til ráðgjafar. Nemandinn vinni sjálfstætt eða hópar nemenda vinni sjálfstætt.

Annað, hvað